

STUÐNINGSHÓPAR

Fyrir fólk sem hefur greinst með krabbamein
og aðstandendur þeirra



Krabbameinsfélagið

Stuðningshópar

- Hittast reglulega hjá Ráðgjafarþjónustunni
- Ætlaðir þeim sem hafa eða hafa haft krabbamein
- Einnig fyrir aðstandendur
- Þjóða upp á jafningjafræðslu og jafningjastuðning

Mörgum þeirra sem greinast með krabbamein finnst þeir vera einir í breyttum aðstæðum. Margar spurningar geta vaknað. Sem dæmi má nefna: *Af hverju ég? Hvað þýðir þetta fyrir mig?* Það getur verið hjálp í því að hitta aðra sem hafa greinst með krabbamein og deila reynslu og upplifunum með þeim. Hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins getur þú komist í samband við fulltrúa frá stuðningshópum á landsvísu. Þar getur þú hitt aðra sem eru í svipuðum sporum.

BRJÓSTAHEILL – SAMHJÁLP KVENNA

Samtök til stuðnings konum sem greinst hafa með brjóstakrabbamein.

CARCINOID-HÓPURINN

Stuðningshópur fólks sem greinst hefur með carcinoid (taugainnkirtlaæxli).

EGGJASTOKKAHÓPURINN

Stuðningshópur kvenna með krabbamein í eggjastokkum.

FRÍSKIR MENN

Stuðningshópur fyrir þá sem eru með krabbamein í blöðruhálskirtli og eru í virku eftirliti.

GÓÐIR HÁLSAR

Stuðningshópur um krabbamein í blöðruhálskirtli.

KRAFTUR

Stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra.

LUNGAHÓPURINN

Stuðningshópur fyrir fólk sem greinst hefur með lungnakrabbamein og aðstandendur þeirra.

NÝ RÖDD

Samtök fólks sem hefur misst raddbönd vegna krabbameins.

RISTILFÉLAGIÐ

Samtök fólks með ristil- og endaparmskrabbamein.

Stuðningshópar á landsvísu

Á vegum Krabbameinsfélagsins starfa ellefu stuðningshópar krabbameinssjúklinga og aðstandenda. Þeir þjóða meðal annars upp á jafningjafræðslu. Stuðningshóparnir hafa aðstöðu hjá Ráðgjafarþjónustunni.

Einnig eru stuðningshópar starfandi víða á landsbyggðinni í tengslum við aðildarfélög Krabbameinsfélagsins.

Rannsóknir sýna að þeim sem taka þátt í stuðningshópum líður oft betur og upplifa aukin lífsgæði. Þeir eru líklegri til að hafa meiri von og eru oft ákveðnari í því að takast á við viðfangsefnið.

Stuðningsnetið

Kraftur býður upp á jafningjastuðning fyrir fólk sem hefur greinst með krabbamein og fyrir aðstandendur. Þeir sem veita stuðninginn eru einstaklingar sem greinst hafa með krabbamein eða eru aðstandendur. Þeir hafa allir lokið stuðningsfulltrúanámskeiði hjá sálfræðingi Krafts.


STÓMASAMTÖKIN

Samtök þeirra sem hafa farið í stómaaðgerðir.

STYRKUR

Samtök krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra.

Nánari upplýsingar má sjá á vefsíðu félagsins, krabb.is



Krabbameinsfélag Íslands
Skógarhlíð 8
105 Reykjavík

Símar 540 1900 / 800 4040
radgjof@krabb.is
krabb.is

.....
Ráðgjafarþjónustan er opin virka daga kl. 9-16